

# Heimildavinna

Menntaskólinn að Laugarvatni

Glærur unnar með hliðsjón af Leiðbeiningavef ritvers  
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Slóð:

<http://skrif.hi.is/ritver/um-leidbeiningavefinn/apa-stadall-og-islensk-adlogun/>

# Tilvitnun

- Þegar þú vitnar til einhvers sem einhver annar hefur sagt eða skrifað
- Tilvitnun er bein eða óbein

# Bein tilvitnun

Þegar orðalag skiptir máli vitnum við beint í heimildina - tökum textabrot [stafrétt](#) upp úr heimildinni.

Beinar tilvitnanir þurfa að þjóna ákv. tilgangi (spurðu þig hvort það dugi e.t.v. að hafa tilvitnunina óbeina).

Á eftir beinni tilvitnun er [tilvísun](#) í heimildaskrá innan sviga en hún getur einnig verið neðanmáls og er þá án sviga.

Bein tilvitnun getur verið nokkur orð, nokkrar málsgreinar eða lengri:

- stutt bein tilvitnun
- löng bein tilvitnun

# Stutt bein tilvitnun

- -Stytttri en þrjár línur
- -Innan íslenskra gæsalappa „ ...“ (notaðu kommur niðri en enskar gæsalappir uppi)

Þegar Gylfi konungur kom til Ásgarðs hefur hann líklega verið forvitinn og jafnvel búist við að sjá eitthvað nýtt en kannski ekki nákvæmlega það sem við honum blasti: „Hann sá þrjú háseti hvert upp af öðru, og sátu þrír menn, sinn í hverju“ (Ragnildur Richter o.fl., 2007, bls. 16). Háseti konunga hafa kannski verið algeng þar sem kóngar voru margir á ákveðnum tímabilum en þriggja hæða háseti varla.

↑ Sjáðu hvar  
punkturinn er  
staðsettur!

# Löng bein tilvitnun

- -Lengri en þrjár línur
- -Inndregin og aðskilin frá meginmáli með einu línubili
- -Engar gæsalappir!

Maðurinn hefur löngum haft hug á að þekkja uppruna sinn og stöðu í veröldinni. Hvaðan komum við og hvert förum við eftir dauðann eru spurningar sem menn allra tíma hafa spurt. Kristnir menn segja að guð hafi skapað himin og jörð með heilögum anda en heiðnir menn töldu að þrír hefðu komið að sköpunarverkinu og efniviðurinn var annar.

Synir Bors drápu Ymi jötun . . . og fluttu í mitt Ginnungagap, og gerðu af honum jörðina, af blóði hans sæinn og vötnin. Jörðin var gjör af holdinu en björgin af beinum, grjót og urðir gerðu þeir af tönnum og jöxlum og af þeim beinum er brotin voru. <sup>4</sup>

Hér má má sjá að menn leita ávallt skýringa á sköpuninni en sjá hana ekki allir á sama hátt.

---

<sup>4</sup> Ragnhildur Richter o.fl., 2007, bls. 14.

Sjáðu  
hvernig  
fellt er úr  
beinni  
tilvitnun  
... →

← Oft er löng  
bein tilvitnun  
höfð með  
smærra lettr

# Bein tilvitnun tengd við textann

- Mundu að birta ekki beinar tilvitnanir „upp úr þurru“!
  - Þú þarft að „fjalla um“ tilvitnanirnar, tengja þær við textann
  - Í þessu dæmi er mjög skýr tenging við textann:
- Segja má að sögupersónan í *Ör* sem heldur frá Íslandi út í hinn stóra heim birtist einnig í skáldsögunni *Afleggjaranum*. Um kunnuglega þroskasögu er að ræða. Magnús Guðmundsson (2016) hefur bent á að birtingarmynd þessa þroska sé ekki síst líkamleg enda séum við sem manneskjur „líka gallar okkar og vankantar, örin sem við berum og örin sem við völdum, bæði grunn og djúp“. Þroskasagan í *Ör* er því alls ekki einföld heldur margslungin og afar táknræn.

←Hér er tenging

←Hér er aftur tenging

↑Sjáðu hvar punkturinn er staðsettur hér!

# Óbein tilvitnun

- Hér þarftu að umorða og e.t.v. stytta textann sem þú vitnar í
- Hér notar þú ekki gæsalappir!
- Á eftir óbeinni tilvitnun er **tilvísun** í heimildaskrá innan sviga en hún getur einnig verið neðanmáls og er þá án sviga

Tilgangur með skrifum er misjafn. Lesandi veit ekki alltaf hversu trúverðugur texti er. Notkun heimilda er liður í að auka trúverðugeikann. Þetta hafa margir gert og dæmin eru mörg.

*Íslendingabók Ara fróða þykir t.d. traustari heimild en Landnámabók þar sem í henni er vísað í heimildir (Ragnhildur Richter o.fl., 2007, bls.11).*

←Sjáðu hvar punkturinn er staðsettur!

## Tilvísun

- Tengir saman tilvitnun og heimildaskrá
- Greinir líka frá nákvæmu blaðsíðutali (þegar það er til staðar)
- Verður að fylgja öllum tilvitnunum (beinum og óbeinum)
- Tilvísun er annað hvort í sviga eða neðanmáls



# Tilvísanir

- Tvær leiðir eru færar til að setja inn tilvísanir:

↓ Taktu eftir  
kommunum

1) Í sviga á eftir tilvitnun (**Jakob Thorarensen, 1975, bls. 25**).

Sviginn er yfirleitt notaður í stuttum greinum eins og t.d. skólaritgerðum

2) Neðanmáls og númerað eins og tilvitnunin.<sup>4</sup>

Til að setja inn númeraðar tilvísanir skal fara í References → Insert Foodnote.  
Einnig hægt að nota flýtitakka Ctrl + Alt + F.

---

<sup>4</sup> Jakob Thorarensen, 1975, bls. 25

## Heimildir

Ein grunnregla sem er gott að muna:  
Nöfn bóka, tímarita, dagblaða og vefsíða  
eru skáletruð!

# Bók eftir einn íslenskan höfund

Í heimildaskránni þinni:

*Ingvar Sigurgeirsson. (1999). Litróf kennsluaðferðanna. Handbók fyrir kennara og kennaraefni. Reykjavík: Æskan.*

Tilvísun, inni í textanum þínum:

*(Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 107)\**

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Bók eftir fleiri en einn íslenskan höfund

Í heimildaskránni þinni:

Ragnildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir, Steingrímur Þórðarson.  
(2007). *Íslenska tvö*. Reykjavík: Mál og menning.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Ragnildur Richter o.fl. 2007, bls. 37)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Bók eftir einn erlendan höfund

Í heimildaskránni þinni:

Crystal, D. (2000). *Language Death*. Cambridge: Cambridge University Press.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Crystal, 2000, bls. 78)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfundu

Í heimildaskránni þinni:

Carter, R., Goddard, A., Reah, D., Sanger, K. og Bowring, M. (1997).  
*Working with Texts. A Core Introduction to Language Analysis.*  
London: Routledge.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Carter o.fl., 2009, bls. 56)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Höfundar ekki getið

Í heimildaskránni þinni:

Ef höfundar er ekki getið er tíill  
heimildar í höfundasætinu fremst



*Brennu-Njálssaga*. (1991). (Umsjón með útgáfu Örnólfur Thorsson),  
Sígildar sögur I. Reykjavík: Mál og menning.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

*(Brennu-Njálssaga, 1991, bls. 100)\**

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Þýdd bók

Í heimildaskránni þinni:

Wilde, Oscar. (1987). *Myndin af Dorian Grey*. (Sigurður Einarsson þýddi). Reykjavík: Mál og menning.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Wilde, 1987, bls. 25)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**



# Ritstýrðar bækur

Í heimildaskránni þinni:

Títill bókarinnar ↓

Guðni Elísson (ritstjóri). (1999). *Heimur Kvikmyndanna*. Reykjavík:  
Forlagið.

Ritröðin heitir  
Sagnir frá seinni  
öldum ↓

Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útgáfu). (1954). *Sagnir  
frá seinni öldum. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II*. Reykjavík:  
Þjóðsaga. Títill bókarinnar ↑

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Guðni Elísson, 1999)

(Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1954)

# Efni/kaflar úr ritstýrðum bókum

Í heimildaskránni þinni:

Jóhannes B. Sigtryggsson. (2011). *Komma*. Í Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstjóri), *Handbók um íslensku* (bls. 106-111). Reykjavík: JPV.

Titill kaflans ↓

Titill bókarinnar ↑

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Jóhannes B. Sigtryggsson, 2011)

# Grein úr tímariti

Í heimildaskránni þinni:

Ragnildur Bjarnadóttir. (2008). Starfshæfni kennara frá sjónarhóli norrænna kennaranema. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 55–74.

↑17(2) þýðir 17. árgangur og 2. tölublað. 55-74 er blaðsíðutal greinarinnar.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Ragnildur Bjarnadóttir, 2008, bls. 56)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Grein úr dagblaði (ekki af netinu)

Í heimildaskránni þinni:

Ari Páll Kristinsson. (2007, 17. mars). Málrækt: Hvernig, hvers vegna? *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 18.

Vilja hár úr hala erlendra kúa. (2006, 27. apríl). *Fréttablaðið*, bls. 13.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Ari Páll Kristinsson, 2007,)\*

(Vilja hár úr hala erlendra kúa, 2006)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Grein úr fjölmiðlum á netinu

Í heimildaskránni þinni:

Kristján Már Unnarson. (2019, 20. janúar) Ísland í þriðja sæti yfir draumastaði netverja. *Vísir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/g/2019190129984/island-i-thridja-saeti-yfir-draumastadi-netverja>

↑ Sjáðu punktinn á eftir *visir.is*.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Kristján Már Unnarson, 2019)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Grein af vefsíðum

Í heimildaskránni þinni:

Stundum er dagurinn  
ekki gefinn upp, bara  
ártalið



Jón Már Halldórsson. (2004, 4. júní). Eru til tenntir fuglar? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4318>

Garðar Gíslason. (e.d.). Byggingin. Sótt af <http://www.haestirettur.is>

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Jón Már Halldórsson, 2004)\*

(Garðar Gíslason, e.d.)

↑ Passaðu að  
linkurinn sé  
hvorki  
undrstríkaður né í  
öðrum lit ef þú  
skilar í pappír

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Námsritgerðir

Námsritgerð:

Aðalsteinn Snorrason. (2011). *Ímynd Íslands í Bandaríkjunum: Samanburður þjóðfélagshópa* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

↑ Allar almennar BA- og mastersritgerðir eru „óútgefnar“ ritgerðir.

Tilvísun, inni í ritgerðinni þinni:

(Aðalsteinn Snorrason, 2011)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Munnlegar heimildir og Biblían

- Munnlegar heimildir eru ekki skráðar í heimildaskrá
- Biblían er ekki heldur skráð í heimildaskrá
- Þessara heimilda er eingöngu getið í lesmáli ritgerða:

Inni í textanum þínum:

(Jón Jónsson, munnleg heimild, 29. jan. 2020) \*

(Biblían. Fimmta Mósebók 3:7 (11. íslenska útgáfa) \*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

Munnlegar heimildir eru gögn og upplýsingar sem lesandandinn hefur ekki aðgang að t.d. einkasamtöl, einkabréf, tölvupóstur, símtöl, glærur úr kennslustundum o.s.fr.  
←



# Höf. ekki kunnur og ártal vantar!

Í heimildaskránni þinni:

Hæstiréttur Íslands. (e.d.). Sagan. Sótt af  
<https://www.haestirettur.is/haestirettur/sagan/>

←e.d. er stytting  
fyrir engin  
dagsetning.

Háskóli Íslands. (e.d.). Forsíða. Sótt af <http://www.hi.is>

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(Hæstiréttur Íslands, e.d.)\*

(Háskóli Íslands, e.d.)\*

\*Ef notaðar eru númeraðar tilvísanir neðanmáls eru þær **alveg eins** nema **ekki í sviga!**

# Ýmsar viðbótarupplýsingar

## Viðbótarupplýsingar í hornklofa:

Í heimildaskránni þinni:

Atli Bollason. (2012). Sögusagnir [ritdómur um bókina *Bónusstelpan eftir Rögnu Sigurðardóttur*]. *Tímarit Máls og menningar*, 73(2), 134–137.

Lightfoot, F. (2010). *The favorite child* [hljóðbók]. London: Hodder and Stroughton.

Lýðheilsustöð. (2009). *Ráðleggingar um mataræði og næringarefni: fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri* [bæklingur]. Reykjavík: Höfundur.

↑Hér er höfundurinn sjálfur útgefandi

Viðbótarupplýsingar í sviga:

Í heimildaskránni þinni:

Guðrún Magnúsdóttir (**ritstjóri**). (1980). *Krákur í Evrópu*. Reykjavík: Skjaldborg.

Gestur Guðmundsson. (2012). *Félagsfræði menntunar: Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi (2. útgáfa)*. Reykjavík: Skrudda.

Magnús Friðbertsson (**annaðist útgáfu**). (1956). *Konur í Evrópusögunni*. Akureyri: Norðanútgáfan.


Wilde, Oscar. (1987). *Myndin af Dorian Grey*. (**Sigurður Einarsson þýddi**). Reykjavík: Mál og menning.

*Brennu-Njálssaga*. (1991). (**Umsjón með útgáfu Örnólfur Thorsson**), Sígildar sögur I. Reykjavík: Mál og menning.

# Ýmis rit...

Í heimildaskránni þinni:

*Edda Snorra Sturlusonar.* (1998). (Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunar).  
Reykjavík: Iðnú.



Tilvísun, inni í textanum þínum:

(*Edda Snorra Sturlusonar*, 1998, bls. x).

**Tvær bækur í einu bindi:**


Í heimildaskránni þinni:

*Sölvi Sveinsson.* (2006). Í Sölvi Sveinsson, *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu í útgáfu Guðrúnar Nordal.* Reykjavík: Bjartur.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(*Sölvi Sveinsson*, 2006, bls. x)

← Hér er heimildin fyrri hluti bindisins



Í heimildaskránni þinni:

*Snorra-Edda.* (2006). Í Sölvi Sveinsson, *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu í útgáfu Guðrúnar Nordal.* Reykjavík: Bjartur.

Tilvísun, inni í textanum þínum:

(*Snorra-Edda*, 2006, bls. x)

← Hér er heimildin seinni hluti bindisins

# Myndir

- Notið myndatexta undir myndum í ritgerðinni ykkar (stutt lýsing á mynd)
- Sérstök myndaskrá er höfð aftast í ritgerð
- Þar kemur fram blaðsíða, eigandi myndar og ljósmyndari (ef hann er þekktur). Einnig kemur þar fram slóð ef við á.

Í heimildaskránni þinni:

Bls. 10. Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Sigurhans Vignir. Sótt af:  
<https://ljósmyndasafn.reykjavík.is/?href=L2ZvdG93ZWlvYXJjaGl2ZXNvNTAwMCM1IjZWIhL0xqb3NteW5kYXNhZm4vVmInbmlyL1ZJRyUyMDIwMjAlMjAwMDQlMjAxLTEuanBnLmluZm8=>

Bls. 22. Sigurður Pétursson, einkasafn.

Bls. 31. Listasafn Reykjavíkur. Sótt af <https://safneign listasafnreykjavikur.is/is/verk/K-5349>